

„Ég held að hulin hönd hafi leitt mig til lífsstefnunnar“

Ég fæddist á Þorvaldarbúð á Hellissandi á Snæfellsnesi 25. desember 1910 og var skríður Sigursæll Benjamín. Ég var næstýngstur af fjórum óskilgetnum börnum móður minnar, Katrínar Friðriksdóttur. Hálfsmánaðar gamall var ég fluttur til Magnúsar, föður míns, sem bjó í Ólafsvík með systur sinni. Hjá þeim var ég fyrstu fjögur æviárin. Þegar ég var kominn á fimmta ár dó faðir minn. Móðir mín var þá ekki fær um að sjá sér farboða. Hún var fædd að Hellnum og átti því sveitfesti í Breiðavíkurbreppi. Vegna þess varð, ég að föður mínum látum, sveitarómagi Breiðvíkinga.

Eftir að ég var kominn á framfæri Breiðvíkinga mun ég hafa verið boðinn niður svo sem þá tíðkaðist. Þar sem lægst var boðið, í Beruvík, var mér komið fyrir. Þar var ég á þrem stöðum til 9 ára aldurs. Árið 1918 kom barnaveiki upp á bæ fósturfóreltra minna og dóu þá nokkur börn þeirra. Fjölskyldan bjó þá í fjósi vegna þess að bæinn átti að endurbyggja. Ég fékk barnaveikina og má víst þakka það Halldóri Steinsen lækni að hún varð mér ekki að aldurtíla. Illa gekk mér að hjarna við, einkum vegna þess hve viðurværi var lélegt og lítið. Oft var ekkert til að borða nema bygggrautur. Vegna þessa var ég orðin svo horaður og vesæll að hreppsnefndin ákvað að útvega mér nýjan samastað. Eftir að ég hafði enn verið boðinn niður var afráðið að ég færi í fóstur til hjóna sem bjuggu þá að Einarlóni. Þau fluttu síðan búferlum að Hellnum og fór ég þangað með þeim.

EFTIR ÞAÐ REYNDI ENGINN AÐ LEMJA MIG


Ég var á Hellnum fram yfir fermingu. Þó að ég ætti þar hvergi öruggt skjól nema hjá gamalli konu á bænum, sem var mér góð þá fékk ég oftast nóg að borða. Hins vegar var ég látinn þræla allt frá því er ég gat orðið að einhverju liði.

Til dæmis um það má nefna að árið sem ég fermdist fékk ég að fara í þrjá mánuði í barnaskóla á Arnastapa, og var það eina skólagangan mín á Snæfellsnesi. Milli Hellna og Arnarstapa er sennilega um 30 mínútna gangur. Aldrei mátti ég fara að heiman í skólann á morgnana fyrr en eftir að ég var búinn að sækja vatn og gefa

kúnum. Þó að skólagangan væri ekki ýkja löng þá varð hún mér betri en engin því að ég var þó orðinn sémilega læs. En oftast var ég laminn með vendi ef ég skrakaði á þeirri menntabraut. Hið eina sem mér er nú hugljúft að minnast frá námsferli mínum á Snæfellsnesi er fermingarundirbúningur séra Kjartans að Staðarstað. Þá var mér komið fyrir hjá hjónum að Tröðum í Staðarsveit. Þau voru mér svo góð að ég mun alltaf minnast dvalar minnar hjá þeim með miklum þökkum.

Þegar ég var kominn hátt á tólfta ár gerðist atburður sem olli þáttaskilum í lífi mínu. Sunnudag einn, er við unnum að heypurrkun, datt telpa á bænum niður af heysátu. Hún hrein og fullyrti að ég hefði hrint sér. Það var ósatt. Ég átti enga sök á því að hún féll af sátunni. Raunar sakaði hana ekki og þess vegna var ástæðulaust að gera veður af þessu smáræði. En þetta nægði til þess að fóstri minn ákvað að flengja mig. Bæði var ég nú alsaklaus og svo olli gamalt og innibyrgrt hatur því að ég ákvað nú að í þetta skipti skyldi ég ekki þola hýðingu. Ég hljóp á undan fóstura mínum inn í bæ. Þegar hann var kominn þangað á eftir mér fleygði ég mér út um glugga. Særður af glerbrotum tók ég nú sprettinn og stefndi til jökuls. Ég hljóp þangað til ég taldi mig vera kominn úr allri hættu. Þetta var síðari hluta ágústmánaðar og farið að rökkva. Ég skreið inn í hellisskúta þar sem ég ákvað að láta fyrirberast. Þar sofnaði ég. Ekki man ég hve lengi ég svaf en ég vaknaði við það að heimilishundurinn, sem hafði rakið slóð mína, sleikti andlit mitt.

Ég var staðráðinn í að fara aldrei aftur heim að Hellnum. Hjónin á Malarrífi, Elínborg og Pétur, höfðu alltaf vikið góðu að mér. Ég ákvað nú að leita á náðir þeirra. Mér tókst að finna hest. Honum reiddi ég út að Malarrífi. Þegar þangað kom sagði ég þeim Elínborgu og Pétri sögu mína og bað liðsinnis þeirra. Þau höfðu frétt um stök mitt frá Hellnum og vissu að fólk á Hellnabæjum hafði hafið árangurlausa leit að mér. Eftir að orðsendingu hafði verið komið að Hellnum um að ég væri kominn í leitirnar fór fóstri minn til fundar við mig og Malarrífhjónin. Eflaust hefur hann réttilega reiknað með að það myndi verða talið heimili hans til minnkunar að dvöl



minni lyki með strokuferðinni. Þess vegna lagði hann á það ofurkapp að fá mig aftur með góðu heim að Hellnum. Þegar mér var nú orðið ljóst að umkomuleysi mitt var ekki lengur algert, að ég gat einhverju ráðið með skilyrðum. Í fyrsta lagi, að ekki væri framar tekin með mér meðgjöf frá sveitinni þar sem ég væri nú orðinn matvinnungur. Í öðru lagi, að ég yrði ekki framar svívirtur með því að vera kallaður sveitalimur og í þriðja lagi, að ég fengi stundum að róa með til fiskjar eins og aðrir unglingar í stað þess að vinna eingöngu við hirðingu á kúm og önnur landbúnaðarstörf. Um þetta var samið og þess vegna fór ég aftur heim að Hellnum.

Við þennan samning var að mestu staðið af hálfu fósturfóreltra minna. Eftir það reyndi enginn að lemja mig. Ég var matvinnungur og þess vegna ástæðulaust að kalla mig lengur sveitalim. Kaup fékk ég auðvitað ekki fyrr en síðasta árið sem ég var á Hellnum. Þá áskotnaðist mér eitthvað, sem réttara væri þó að nefnda ölmusu en kaup.

„ÞÚ GETUR VERIÐ KOKKUR“

Það er e.t.v. gaman að geta þess nú að mikill hagleiksmaður, sem Jóhannes hét, var tengdur fjölskyldu fósturfóreltra minna. Hann hafði lært útskurð í Reykjavík hjá Stefáni Eiríkssyni útskurðarmeistara. Jóhannes þessi skar út altaristöfluna að Hellnum, sem er talin listilega gerð. Hann dó fyrir aldur fram, varð úti er

hann var á leið til unnustu sinnar með einn af hinum frábærilega vel gerðu smíðagripum sínum, sem hann ætlaði að færa henni.

Ég minntist þess að Jóhannes sýndi okkur mynd af fjölskyldu Stefáns Eiríkssonar. Enginn vakti þar þá sérstaka athygli mína af þeim, sem sjá mátti á þessari mynd, og hef ég áreiðanlega ekki gert ráð fyrir að síðar myndi til þess koma. En þar hefur mér skjálast eins og síðar mun að vikið.

Mér varð snemma augljóst að á Hellnum ætti ég enga framtíð. Þess vegna var ég staðráðinn í að koma mér þaðan strax og færi gæfist. Þegar ég var orðinn 15 ára var bróðir minn, sem var fjórum árum eldri en ég, kominn í vinnu suður að Njarðvíkum. Ég bað hann um að útvega mér þar einhver störf. Hann réð mig til hjónanna Guðrúnar Þorleifsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar, sem bjuggu að Þórukoti í Ytri Njarðvíkum. Þetta var vorið 1926.

Þegar augljóst var orðið að engin bönd héldu mér lengur á Hellnum fékk ég fararleyfi þaðan og hóf för mína frá Arnarstapa með skipinu Suðurland áleiðis til Reykjavíkur. Fátæklega aleigu varðveitti ég í litlu kofforti, sem ég hafði sjálfur smíðað, og sat á því meðan Suðurlandið brunaði með mig yfir Faxaflóann inn til óráðinnar framtíðar.

Að Þórukoti voru bæði land- og sjávarnyrtjar. Fyrsta árið þar var ég vinnumaður og vann algeng störf til sjós og lands. Heimilisfastur var ég í tvö ár að Þórukoti en viðloðandi fram undir tvítugt.

Þau Guðrún og Sigurður reyndust mér svo vel að stundum finnst mér að þau séu einu foreldrarnir sem ég hef eignast. Það var mér mikil gæfa að mega njóta þeirra umönnunar og ástúðar sem þau auðsýndu mér alla tíð.

Þegar ég var kominn undir tvítugt var mig farið að dreyma um að verða sjómaður, eignast með tímanum bát. Ég ákvað að hefja þann feril með því að læra vélstjórn. Þegar ég var 19 ára gamall sótti ég fjögurra mánaða námskeið í vélstjórn. Ég var náttúrulega afar illa undir það búinn. Þó fór það svo að ég stóðst prófið. Sumarið 1930 var ég búinn að ráða mig á síldarbatinn Sjöstjörnuna, sem gerður var út frá Akureyri. Þar átti ég að vera annar vélstjóri. Mér fannst lífið blasa við mér. Eftir alla eymdina á Hellnum var ég orðinn maður með mönnum, búinn að stíga fyrstu þrepin upp stigann sem lá til skipstjórnar og útgerðarmennsku, orðinn annar vélstjóri, tæplega tvítugur.

En nú tóku örlögin í taumana. Þegar Sjöstjarnan kom til Akureyrar úr fyrstu ferðinni flutti hún þangað lík matsveins okkar. Nú var úr vöndu að ráða. Engan matsvein var unnt að fá. En einhvern varð að finna til þess, að matreiða fyrir okkur. Þá var það að útgerðarmaðurinn, Stefán Jónsson, nam staðar fyrir framan mig, þar sem við vorum á bryggjunni og sagði :

„Þú getur verið kokkur“

Ég fór að hlæja, sagðist vera ráðinn annar mótóristi og ekkert kunna til matargerðar.

Ég er búinn að tala við skipstjórnann“, sagði Stefán. Það verður allt í lagi með mótórin. En okkur vantar kokk. Og við verðum að fara út á morgun. Víst getur þú verið kokkur“.

Einhvern veginn fór það svo að ég taldi mér ekki annað fært en að hlýða þessari skipun Stefáns. Ég fór í öngum mínum til kunningjafólks á Akureyri og sagði því farir mínar ósléttar. Húsmóðirin á heimilinu kvað ástæðulaust að örvænta, rétti mér bók og sagði :

„Lestu hana þessa. Þetta er matreiðslubókin hennar Jónínu Sigurðardóttur. Hún mun duga þér vel fyrir karlana.“

Ég fór niður í lúkarinn með matreiðslubók Jónínu eina mér til trausts og halds. Þar var allt í senn, íbúð og eldhús sextán skipverja en skipstjóri og stýrimaður höfðu káetur. Ég varð vitanlega að þræla frá því klukkan sex á morgnana og fram að miðnætti. En ég fékk líka hálfan annan hlut. Við vorum hálfan þriðja mánuð á síldveiðum og vorum heppnir. Ég eyddi engu fé um sumarið, 60 krónum, að því er mig minnir. Þess vegna kom ég til Reykjavíkur um haustið með 1200 krónum í vasanum, sem var stórfé í þá daga.

Það fór nú þannig um matargerðina að með hjálp Jónínu Sigurðardóttur slampaðist það sémilega. Mér var ekki hent í land. Og „allir komu þeir aftur og enginn þeirra dó“. Og enginn kenndi mér um kveisu eða önnur áföll vegna vondrar matreiðslu. Mér fór náttúrulega fram eftir því sem á leið. Og um það er lauk hef ég sennilega ekki verið orðinn verri kokkur en ýmsir aðrir í síldarflotanum.

Svona atvikaðist það að mér var fleygt svona fyrirvaralaust inn á þá braut, sem ég hef síðan fetað. Ég hef oft oltið þannig, án eigin tilverknaðar, einkum framan af æfinni, inn til nýrra viðfangsefna. Ég held að hulin hönd hafi leitt mig til lífsstefunnar. Ég átti að minnsta kosti oft ekki sjálfur

neitt frumkvæði að því, sem varð til þess að beina mér inn á nýjar brautir.

„SKÍTT VERI MEÐ DÖNSKUNA. ÞÚ KEMST UPP Á LAG MEÐ HANA“

Mér bauðst engin vinna eftir að ég kom suður haustið 1930 og atvinnumöguleikar virtust yfirleitt litlir fyrir mig. Ég tók þá til við að hugleidda hvort það gæti ekki verið hyggilegt fyrir mig, til tryggingar því að fá síðar meir atvinnu, að læra meira í matargerð en það sem lestur einnar matreiðslubókar og reynsla hafði kennt mér á sumarvertíðinni. Ég frétti að þær systurnar, Steinunn og Margrét Valdímarsdætur, sem ráku þá Hótel Skjaldbreið, ætluðu að efna til sex mánaða matreiðslunámskeiðs. Skólagjaldið var 50 krónur á mánuði en því fylgdi frítt fæði. Afráðið var að taka tíu stúlkur og tvo pílta. Annar af tveim piltum, sem skráðir voru, hafði hætt við að sækja námskeiðið. Ég ákvað að setjast í það sæti, sem hann hafði ætlað sér að skipa.

Skjaldbreið var þá gisti- og veitingahús. Þar voru milli 80 og 90 manns í föstu fæði, sem kostaði 90 krónur á mánuði. Þeir borðuðu í stærsta salnum af þrem, en aðrir viðskiptavinir voru afgreiddir í hinum tveim. Eldhús var niðri í kjallara en býtibúr uppi. Við vorum á námskeiðinu frá klukkan 8 á morgnanna fram undir miðnætti. Tvisvar í mánuði áttum við frí, hálfan dag í senn.

Systurnar, Steinunn og Margrét, voru miklar ágætiskonur. Þær bjuggu til góðan mat og voru prýðilegir kennarar.

Þegar ég var búinn að vera fjóra mánuði á Skjaldbreið kom þangað Sigurður Guðbjartsson bryti á Súðinni. Hann spyr Steinunni hvort ekki muni vera í námi hjá henni ungunn maður, sem vilji fara sem matsveinn eina ferð með dönsku skipi til Kaupmannahafnar. Þannig standi nú á að á danska skipinu Stauning, sem nú sé í Reykjavík, hafi verið matsveinn, sem tekinn hafi verið fastur vegna smygls. Ákveðið hafði verið að senda matsveininn síðar beint til Kaupmannahafnar. Vegna þessa vanti nú skipstjórnann matsvein, sem eigi að fara með skipinu til Færeyja, Englands og Kaupmannahafnar. Kaupið eigi að verða 450 krónur danskar á mánuði og sé áskilið frítt far heim til Íslands frá Kaupmannahöfn.

Félagi minn, Geir Vilbogason, var þá heitbundinn og vildi þess vegna ekki fara. Ég kvaðst bæði eiga ólokið námskeiðinu og sagðist auk þess ekki kunna stakt orð

í dönsku. Steinunn kvað mér heimilt að ljúka námskeiðinu síðar. Sigurður sagði :

„Skítt með dönskuna. Þú kemst upp á lag með hana“.

Mér fannst þetta talsvert freistandi. Þar sem einungis var um stuttan tíma að ræða gerði ég ráð fyrir að þetta myndi slampast þrátt fyrir vankunnáttu mína í dönsku. Kaupið var gott og gullið tækifæri til að fá að skoða sig um í útlöndum. Ég ákvað því að taka boði Sigurðar.

Á Stauning sem var 750 lesta vöruflutningaskip, var 15 manna áhöfn. Eftir að matsveinninn var tekinn ákvað útgerðastjórnin að leggja sjálf til efni til matgerðar. Stýrimaðurinn annaðist innkaupin. Hann tók á móti mér þegar ég kom um borð. Þessi stýrimaður reyndist mér síðar hinn besti drengur. Hann leiðbeindi mér á allan hátt og lagði sig fram um að kenna mér að gera mig skiljanlegan á dönsku. Ég átti vitanlega í miklum örðugleikum til að byrja með. En svo komst ég ótrúlega fljótt upp á lag með að bjarga mér og um það er vistinni lauk á Stauning taldi ég mig vera orðinn slarkfæran.

Ferðaáætlun okkar stóðst illa. Í stað þess að fara frá Englandi til Danmerkur lagðist Stauning í flakk. Við sigldum aðallega til ýmsra hafna við Eystrasalt, fórum víða og komum ekki til Kaupmannahafnar fyrr en 15 mánuðum eftir að við fórum frá Reykjavík. Ég veit ekki betur en að félagar mínir hafi verið sæmilega ánægðir með matreiðslu mína. Með hjálp stýrimannsins komst ég smám saman upp á lag með að tilreiða mat að dönskum smekk. Ég lenti aldrei í neinum útistöðum við féлага mína. Stýrimaður var mér mjög ráðhollur á fleiri sviðum en þeim sem vörðuðu matargerð mína. Að hans ráðum forðaðist ég allt slark í hafnarbæjum en þess vegna var ég prýðilega fjáður um það er lauk þessari minni dönsku vertíð. Brúarfoss átti að fara frá Kaupmannahöfn daginn eftir að við komum þangað. Þess vegna var mér skotið á báti frá Stauning um borð í Brúarfoss. Þar hitti ég góðvin minn Jakob Einarsson, veitingaþjón. Við ákváðum að fara saman upp í borg. Þannig atvikaðist það að fyrstu kynni mín af Kaupmannahöfn hófust með því að við Jakob stigum dans við stásmeyjar þær er prýddu veitingasalí þess húss sem Valencia nefndist, og mun ýmsum góðkunnugt. Minnugur varnaðarorða míns ágæta stýrimanns lauk þó áfallalaust flakki okkar féлага.

„ÞÉR MEGIÐ BYRJA Á MORGUN“

Á leiðinni til Íslands kynnti Jakob mig fyrir brytanum á Brúarfossi, Brynjólfi Brynjólfssyni. Ég spurðist fyrir um hvort líkur væru fyrir að unnt myndi verða fyrir matsvein að fá vinnu hjá Eimskipafélaginu. Brynjólfur taldi öll tormeiki á því, kvað biðlista langa í ráðningardeild skrifstofunnar. Féll það tal svo niður.

Eftir að heim var komið fór ég beint til þeirra Guðrúnar og Sigurðar í Þórukoti í Njarðvíkum. Þau fögnuðu mér vel og þótti auðsjáanlega vænt um að hafa heimt mig heilan heim úr Bjarmalandsförinni. Ég var svo um þriggja vikna tíma hjá þeim Þórukotshjónum. Þá ákvað ég að skreppa til Reykjavíkur. Þar ætlaði ég að taka á móti fyrirverandi skipsfélaga mínum, fyrsta vélstjóra á Sjöstjörnunni, sem var á leið þangað frá Vestmannaeyjum með Brúarfossi.

Þegar ég var kominn um borð í Brúarfoss rakst ég á Brynjólf bryta. Hann vék sér að mér og spurði hvort ég væri kominn í vinnu. Ég kvað nei við því. Þá sagði Brynjólfur:

„Mig vantar annan matsvein. Ég vil ráða yður. Þér megið byrja á morgun“

Ég þakkaði og tók boðinu.

Ein tilviljun enn-æða-var það e.t.v. ekki alger tilviljun? Um það veit ég ekki, og það skiptir máské ekki öllu. En vegna þessa gerðist ég matsveinn á Brúarfossi og var þar í hálf tveimur árum, fyrst matsveinn síðar búarmaður. Vinnudagurinn var langur og kaupið lágt við matreiðsluna, 200 krónur á mánuði. En eftir að ég varð búarmaður hækkaði það í 300 krónur. Það þótti gott kaup.

Mér var ljóst að nú var komið að þáttaskilum í lífi mínu. Allt benti til þess að af því myndi aldrei verða að ég ætti eftir að stýra eigin skipi. Örlögin höfðu bersýnilega ætlað mér verk að vinna við veitingamennsku. Það var augljóst, að mig skorti bæði menntun og réttindi, til þess að geta komizt lengra á þeirri braut en til þess að verða undirlylla. Ég var ráðinn í að bæta úr því.

„SÁ SPIS AD HELVEDE TIL SOM DU HAR LYST“

Á Palads Hotel var yfirbryti sem Gösta Heidman hét. Ég hafði spurnir af því að það væru talin góð meðmæli að hafa lokið matsveinaprófi eftir námsdvöl hjá Heidman. Þess vegna fór ég til fundar við hann síðsumars 1934 og spurðist fyrir um

möguleika á að fá að gerast nemandi hjá honum. Hann taldi að það væri unnt í lok októbermánaðar. Heidman spurðist fyrir um hvort ég teldi mig ekki of gamlan til að hefja fjögurra ára nám í matreiðslu, sagði nemandur sína flesta yngri að árum. Ég kvaðst staðráðinn í að hefja námið. Var það svo fastmælum bundið að ég gerðist nemandi á Palads. Kjör voru þau að fyrsta árið var kaupið 5 krónur á mánuði, annað árið 10, hið þriðja 15 og síðasta árið 20 krónur. Fæði fengu nemandur í vinnutímanum, sem var 12 -14 klukkustundir á dag. Þar sem ég átti talsvert sparifé taldi ég sennilegt að mér myndi takast að þrauka þetta af fjárhagslega.

Á þessum árum var mjög örðugt að fá íslenskum peningum skipt í danska. Ég var búinn að semja um að ég mætti fara af Brúarfossi í Kaupmannahöfn um það leyti sem ég átti að fara í skólann. Þá átti ég óeytt þriggja mánaða kaup. Mér bráðlá á að fá þetta fé í dönskum krónum. Þegar við vorum á leið til Kaupmannahafnar í síðustu ferð minni bað ég leyfis að mega tala við skipstjórnann, Júlínus T. Júlínússon, og var það útaf fyrir sig mikil dirfska að afráða að ganga fyrir hann vegna einkaerinda. Ég sagði :

„Eins og skipstjórninn ef til vill veit er ég nú að fara af skipinu í Kaupmannahöfn. Ég á inni þriggja mánaðakaup og langar nú til að biðja skipstjórnann að sjá um að ég fái það í dönskum krónum“.

„Hvað meinið þér maður? Hvers vegna töluduð þér ekki um þetta við skrifstofuna heima?“

„Vegna þess að ég treysti yður betur skipstjóri“, sagði ég.

„Hvað ætlið þér að gera í Kaupmannahöfn?“

„Læra matreiðslu á Palads“.

„Ekki er vanþörf á því. Palads er gott hótél. Og á Íslandi eru eintómir eiturbrasarar og skítkokkar. Talið þér við fyrsta stýrimann þegar við komum til Kaupmannahafnar“:

Þegar þangað var komið spurði Jón Sigurðsson, stýrimaður hvað komið hefði fyrir, hann ætti að greiða mér í dönsku fé. Ég gaf engar skýringar á því en tók, þakklátur Júlíusi við kaupni mínu.

Á Paldads voru 24 lærlingar og 23 matsveinar. Mikill stéttaskipting var á milli þessara tveggja hópa. Matsveinar lömdu stundum lærling eða spörkuðu í þá, oftast án þess að sveinar þyrðu að kæra eða ættu þess nokkra von að fá leiðréttingu

sinna mála. Þó var einn matsveinn rekinn vegna hrottaskapar. En eflaust var það vegna þess að pilturinn, sem verst varð úti í samskiptum við matsveininn, var tengdur manni, sem var í stjórn hótelsins. Þessi maður var búinn að vera við nám á annað ár. Matsveini þessum þótti ég vera seinn í svifum. Hann þreif þá klakastykki og henti í mig. Af því fékk ég sár á bak við eyrað. Ég flaug á matsveininn og urðu milli okkar mikil áflog. Af því urðu þó engin eftirmál og var talið að ég hefði þar vel sloppið.

Matsveinar og nemendur mötuðust við stórt borð, sinn hópur við hvorn hluta borðs. Á enda matsveina var jafnan breiddur hvítur dúkur, diskum, glösum og öðrum borðbúnaði raðað. Þar var jafnan á borðum sem best var af matföngum í eldhúsi. Snaps og öl fengu matsveinar með máltíðum. Var áskilið að þeir mættu fá fimm bjóra á dag. Á okkar hluta var enginn dúkur. Einn aðalréttur, oft fremur ólystugur, var framreiddur, stundum leifar. Hvítöl máttum við fá með mat. Ég var einu sinni svo tungulangur að segja að af þessu myndu svín ekki þrífast á Íslandi.

Þegar ég var búinn að vera í námi í hálf t. annað ár veiktist ég, varð máttfarinn og slappur. Íslenskur læknir skoðaði mig. Hann taldi að ég væri með ristilbólgu og þannig á mig kominn að ég þyrfti að fá góðan mat. Læknirinn skrifaði það á miða, sem hann taldi mér nauðsynlegt að fá. Ég sýndi Heidman miðann. Þá sagði hann: „I er skam gode nok Islendinge. Så spis ad Helvede til som du har lyst“. Eftir það fékk ég sæmilegan mat og hresstist. En vitanlega var ég öfundaður af þessu.

Ég hafði þarna nokkra sérstöðu vegna þess að ég var eldri en hinir nemendurnir og stóð fjárhagslega á eigin fótum. Það þóttu t.d. mikil tíðindi þegar það spurðist að ég hefði fengið ábyrgðabréf að heiman með 1000 krónum. Góð fjárráð mín ollu því að ég gat leigt mér ágætt herbergi fyrir 35 krónur á mánuði hjá miðaldra konu, sem bjó í húsi við St. Jörgens Allé, en það var stutt frá Palads. Þar var ég allan námstíma minn í Kaupmannahöfn. Þessi kona reyndist mér mjög vel. Í eina skiptið sem ég veiktist alvarlega hjúkraði hún mér og lét lækni annast mig. Ég hafði þá fengið sólsting og lá milli heims og helju í nokkra daga. Það var eina skiptið sem ég var frá störfum vegna veikinda.

Í maímánuði, fyrsta vorið sem ég var á Palads, kom Heidman og sagði mér frá því að úti við Skodsborg ættu eigendur

Paladshótels sumarveitingastað. Það var gamalt og virðulegt veitingahús, sem var mjög vinsælt meðal góðborgara. Heidman bauð mér aðstoðarmatsveinsstarf á þessum veitingastað og skyldi ég vera þar fram í september. Kaup mitt átti að vera 150 krónur á mánuði. Ég varð himinglaður og tók boðinu. Á þessum stað vann ég öll þessi þrjú sumur sem ég var við nám á Palads. Venjulega þurfti ég ekki að koma til vinnu fyrr en á hádegi en vann þá framundir miðnætti. Morgnana notaði ég oftast til að fara í sund og fá mér sólbað. Þetta var sældarlíf, auk þess sem það treysti mjög fjárhag minn, gerbreytti honum til batnaðar.

En ég á Heidman meira að þakka en sumarstörfin. Þegar ég var búinn að vera rúmt ár á Palads spurði Heidman mig, hvort ég þekkti ekki einhverja fjölskyldu í Kaupmannahöfn, sem ég gæti heimsótt. Ég kvað nei við því. Þá sagði Heidman: „Komið þér heim til mín á sunnudaginn kemur. En ef þér segið einhverjum frá því tala ég aldrei við yður frammar“. Seinna sagði Heidmann mér frá því að þegar hann var vinalaus og einmanna matsveinn í París hefði yfirmaður hans boðið honum að koma heim til sín og hefði það gerbreytt lífi sínu til batnaðar. Nú vildi hann gera útlendingi samskonar greiða. Eftir þetta varð ég heimangangur hjá Heidman og ágætri fjölskyldu hans. En auðvitað gætti ég þess vandlega að láta engan á hótelinu vita um þetta. Það hefði þótt hneyksli að útlendur lærlingur fengi að vera heimangangur hjá sjálfum sjeffanum.

Þegar ég var búinn að vera hálf þriðja ár á Palads sagði Heidman að með hliðsjón af langri starfsreynslu minni, áður en ég hóf nám, væri rétt að ég gengi nú undir próf. Það gerði ég og lauk brottfararprófi vorið 1937.

KNÆPAN VAR HRÚGALD AF MÚRSTEINUM

Þar sem ég var nú búinn að fá full réttindi í iðngrein minni lék mér hugur á að komast í siglingar með einhverju af skipum ÖK. En til þess starfa var ekki auðhlaupið. Ég sendi inn umsókn og næstu tvö árin var ég með hugann við að reyna að komast í siglingar með þessum skipum. En fyrst fór ég heim og þar heimsótti ég Þórukotshjónin og svo ýmsa góðkunningja. Svo réðst ég búrmaður á Brúarfoss. Þar var ég svo, ýmist búrmaður eða matsveinn, allt til vors árið 1943.

Eins og ég nefndi áður minnst ég þess að á Hellnum sá ég mynd af fjölskyldu

Stefáns Eiríkssonar tréskurðameistara. Það rifjast upp fyrir mér eftir áramótin 1939, en þá kynntist ég Olgu Kristínu, yngsta barni Stefáns. Hún er þrem árum yngri, en ég. Með okkur tókust kynni og síðar góðar ástir. Vorið 1939 var mér tilkynnt að nú gæti ég fengið starf hjá ÖK. Þó að Olga væri þess ekki fýsandi að ég færi í langar siglingar varð það afráðið að ég tæki boðinu. Ég ákvað að fara með Brúarfossi til Kaupmannahafnar og fara þar af skipinu. Töf varð á því að Brúarfoss kæmist héðan á réttum tíma og olli því verkfall. Þegar við komum til Kaupmannahafnar var skip ÖK farið þaðan, og var þá ekki annað til úrræða en að verða kyrr á Brúarfossi. Þetta verkfall varð mikill örlagavaldur í lífi mínu. Ef til vill þess hefði ekki komið myndi ég áreiðanlega ekki hafa komið aftur til Kaupmannahafnar fyrr en í stríðslok og framtíð mín orðið önnur en sú sem síðar beið mín hér heima.

Nú skall á heimsstyrjöldin síðari. Við vorum þá í Kaupmannahöfn og komumst ekki þaðan fyrr en um miðjan septembermánuð. Eftir það var Brúarfossi, sem var eina frystiskip Íslendinga, aðallega siglt til Bretlands og síðar til Ameríku. Þetta voru óþverraár. Þó að áhættuþóknun leiddi til þess að, kaup okkar farmanna var sæmilegt þá lifðum við hundalífi í sífelldum ótta við að verða drepnir. Margir fóru mjög illa á taugum og ýmsir gripu þá til flöskunnar, sem þeim gekk síðar illa að losna við. Ég slapp þó vel frá áfenginu, hef aldrei verið bindindismaður en alltaf reynt að gæta hófs. Í skipalestunum sáum við margan harmleikinn, og einu sinni, þegar við vorum á leið frá Kanada, tókst okkur að bjarga 60 mönnum af tveimur skipum, en þeir voru þá búnir að hrekjast lengi í björgunarbátum.

Þar sem kafbátar eru á sveimi í námunda við skipalest veit enginn sjómaður með vissu hvenær hann kemst næst því að týna lífi. Vegna þess má vel vera að einhverjar tilviljanir hafi forðað okkur á Brúarfossi frá því að verða drepnir. En ég veit það með vissu að ekki mátti miklu muna að saga mín yrði öll kvöld eitt á stríðsárunum þegar Brúarfoss lá í Liverpool. Gamall félagi minn, Geir Vilbogason, var þá bryti á Kötlu, sem var einnig í Liverpool. Kvöld eitt ákváðum við Geir að fara saman upp í hafnarknæpu og fá okkur þar björglas. Þegar við vorum búnir að sitja þar stundarkorn hófust loftvarnarmerkin. Þýskar flugvélar voru komnar yfir bæinn. Undir knæpunni

var lítið byrgi. En í um 300 metra fjarlægð var mjög stórt byrgi. Í stað þess að fara í byrgi veitingastofunnar stakk ég upp á að við hlypum spölin að stóra byrginu. Það gerðum við. Að því er ég held aðallega til þess að vera í meira fjölmenni. Þegar við komum út, að liðnum hálfum þriðja klukkutíma, var knæpan orðin hrúgald eitt af múrsteinum. Sprengja hafði tætt hana í sundur og drepði alla sem höfðu leitað þar skjóls. En svona eru tilviljanirnar – eða örlögin. Við sluppum að minnsta kosti naumlega í þetta skiptið.

„ÞÚ HEFUR ÞETTA BARA EINS OG ÞÉR SÝNIST“.

Við Olga gengum í hjónaband 27. Janúar 1940 og settum síðar saman bú á Ránargötu 2. Voríð 1943 ákvað ég að hvíla mig á sjónum og fara í land. Fyrir milligöngu Ragnars Guðlaugssonar réðst ég til Jóns Guðmundssonar frá Brúsastöðum, eiganda Valhallar á Þingvöllum. Ráðskona þar var þá Sigrún, kjördóttir Jóns. „Hingað hefði nú heldur átt að fá sólara en kokk“ varð mér að orði þegar gjall og aska hrundi úr annarri eldaveðinni. Mér leist, satt að segja, hreint ekki á aðstöðuna í eldhúsinu. Geymslur voru einnig mjög frumstæðar, t.d. enginn kælskápur. Allur virtist mér reksturinn einkennast af góðum vilja en takmarkaðri getu Jóns til að stýra honum. Jón var eflaust ágætur maður og þrýðilegur bóndi, en veitingamaður var hann ekki. Allt bjargaðist þetta þó sæmilega um sumarið vegna þess að þegar mikið lá við lagðist starfsfólkið á eitt um að leysa viðfangsefnin sómasamlega. Stundum var lygilega mikið að gera. Ég minnst þess t.d. að á hvítasunnudag borðuðu hjá okkur um 11 hundruð manns. Takmarkað vit Jóns á veitingarekstri olli því að verksvið mitt varð annað og meira en það eitt að sjá um matargerð í eldhúsi. Ég varð að annast ýmsar útveganir og vinna störf sem voru ekki talin í verkahring matsveins. Ragnar Jónsson, síðar meðeigandi minn í Valhöll, var þjónn þetta sumar. Sigurður Gröndal var yfirþjónn.

Eftirminnilegast frá þessari sumarvertíð var sextugsafmæli Jóns, sem haldið var hátíðlegt, að því er mig minnir, í byrjun septembar. Þá voru stórafmæli tilefni leyfisveitinga til áfengiskaupa, og var mikið af áfengi pantað til afmælisins. Nú dreif að múgur og margmenn á afmælisdaginn og var ekki unnt að framreiða mat fyrir en komið var langt fram á kvöld vegna þess að ekki

mátti fyrir eyða tíma frá bráðnaðsynlegum drykkjuskap. Drukkið var framundir morgun og supu þá fast bæði gestir og heimamenn. Sofið var stundarkorn daginn eftir og þegar gestir höfðu þá aftur fengið að borða leystist fagnaðurinn upp. Er þetta ein sú eftirminnilegasta dykkjuveisla sem ég hef þjónað í á öllum mínum veitingaferli.

Þegar ráðningartíma mínum lauk í Valhöll seint í september ætlaði ég að fara aftur á sjóinn, þrátt fyrir andmæli konu minnar, sem vildi að ég fengi mér starf í landi. Ég hvíldi mig eftir sumarvertíðina og beið eftir skipsrúmi.

Um þetta leyti voru margir nýir veitingastaðir komnir upp í Reykjavík. Eigendur þeirra máttu þakka velgengni sína hinum mikla fjölda hermanna og annarra útlendinga, sem gistu þá Reykjavík. Meðal þessara veitingastaða var Gullfoss í Hafnarstræti. Eigandi hans, Axel Sigurðsson, rak einnig veitingasölu í Baldurshaga. Friðsteinn Jónsson hélt uppi veitingum í Central og Guðlaugur Guðmundsson í Heitt og Kalt. Mikið var að gera og hagnaður góður á öllum þessum veitingastöðum.

Dag einn var barið að dyrum hjá mér. Er þar kominn Guðlaugur á Heitt og Kalt í Hafnarstræti 4. Hann spyr hvort ég vilji gerast matsveinn hjá sér. Hann sagðist hafa af því spurnir að ég væri öruggur starfsmaður og þess vegna vilja bjóða mér 2200 krónur á mánuði, sem var hátt kaup. Ég samþykkti þriggja mánaða reynslutíma.

Mér þótti umgengni slæm í eldhúsi og sannfærðist fljótlega um að stjórn á starfsliði væri fremur veik. Fyrsta hálfu mánuðinn notaði ég til þess að lagfæra og koma reglu á störf. Guðlaugur gaf mér í öndverðu mjög frjálssar hendur og tók strax fram að ef hann skyldi lenda á kenderíi ætti ég að taka alla stjórn á eldhúsi og innkaupum á matvælum í mínar hendur. Guðlaugur var um margt ágætur maður. En sá ljóður var á hans ráði að er hann lenti á fylleríi þá var honum ekki unnt að stöðva sig á fluginu fyrir en eftir tvær til þrjár vikur. Þegar ég var búinn að vera í um tvær vikur kom Guðlaugur ekki. Ég hringdi heim til hans og spurðist fyrir um hvenær hann væri væntanlegur. Ég fékk þau svör ein að starfsfólkið á Heitt og Kalt yrði sjálft að ráða fram úr vandamálum veitingastadarins. Ég fór að því ráði. Guðlaugur kom eftir hálfan mánuð og spurði hvernig mér hefði gengið. Ég kvað allt hafa bjargast bærilega. Guðlaugur lét sér það vel líka.

Heitt og Kalt var á jarðhæð. Veitingasalir voru tveir og rúmuðu 80-90 manns. Að baki þeim var eldhús, geymslur og smurbrauðstofa. Tvírétttaður matur var framreiddur kvölds og morgna, auk þess aðrar almennar veitingar og sérrettir hermanna, oftast steikt flesk og egg. Auk þess var búinn til matur fyrir frímúrara, sem voru þá með starfsemi sína í húsi Reykjavíkुरapóteks.

Ég var hjá Guðlaugi fram á mitt sumar árið 1945. Mér líkaði að mörgu leyti ágætlega við Guðlaug og ég lærði mikið þann tíma sem ég vann í Heitt og Kalt. Þegar ég leitaði til Guðlaugs vegna einhverra vandamála var svar hans jafnan:

„Þú hefur þetta bara eins og þér sýnist“

Sjálftæði mitt í vistinni hjá Guðlaugi olli því m.a. að ég fór að hugleiða það að ef ég gæti unnið öðrum vel þá gæti ég trúlega einnig alveg eins unnið vel fyrir sjálfan mig. Ég taldi þess vegna rétt að losa um mig hjá Guðlaugi til þess að ég gæti farið að takast á við ný viðfangsefni.

Eftir að ég fór frá Guðlaugi tók að halla undan fæti hjá honum í Heitt og Kalt, m.a. vegna þess að stríðslok ollu fækkun viðskiptavina. Auk þess kom til samvinnu Guðlaugs við Ragnar Þórðarson, sem ég ætla að hafi ekki orðið honum ábatasamleg. Uppúr því lauk rekstri Guðlaugs í Hafnarstræti 4. Síðast held ég að hann hafi rekið matsölu á heimili sínu, og fyrirgreiðslu vegna funda frímúrara mun hann hafa annast eftir að hann hætti rekstrinum á Heitt og Kalt.

Á EIGIN FÓTUM

Eftir að ég fór frá Guðlaugi réðst ég til Brynjólfs J. Brynjólfssonar, sem rak þá Café Höll. Ég var svo viðloðandi hjá Brynjólfi allt til þess er ég tók til við að undirbúa veitingastarfsemina að Laugavegi 118. Forsaga hennar er þessi:

Í stórhýsi Egils Vilhjálmssonar við Laugaveg 118 var húsrými sem ætla mátti að vel væri fallið til veitingareksturs. Samkomulag varð um stofnun þriggja manna sameignarfélags til að annast veitingarekstur í húsnæði Egils. Í félaginu voru, auk mín, þeir Brynjólfur J. Brynjólfsson og Ragnar Guðlaugsson. Allir voru eignarhlutar okkar jafnir. Við ráðgerðum upphaflega að hefja starfsemina 1946 en margvíslegar tafir leiddu til þess að ekki var unnt að opna fyrir en 26. október árið 1947. Við nefndum nýja veitingastaðinn okkar Ými. Ákveðið var að

ég annaðist matseld og yrði ábyrgur fyrir daglegum rekstri.

Upphaflega leigðum við 200 fermetra húsrými. Þar var veitingasalur fyrir 96 manns og bakvið hann eldhús og geymslur. Einnig var geymslurými í kjallara. Síðan bættust okkur við 50 fermetrar. Þá jókst sætafjöldinn um 36. Við seldum fjórrettaðan mat kvölds og morgna og auk þess allar algengar veitingar. Fyrstu tvö árin vann ég við matreiðsluna og hafði konu mér til aðstoðar. Þá var starfstími minn frá kl. 7 á morgnanna og fram til miðnættis. Vaktir voru tvískiptar. Alls unnu hjá okkur 15-16 manns að jafnaði.

Tæpu ári eftir að við opnuðum kom maður til mín og staðhæfði að hann ætti skráð nafnið Ýmir. Hann krafðist þess að annað hvort legðum við það niður eða greiddum sér stórfé fyrir að fá að halda því. Við kusum fyrri kostinn og völdum nýtt nafn, Matstofa Austurbæjar. Er það enn í dag heiti veitingastaðarins.

Þegar við vorum búnir að eiga veitingastofuna í 9 ár vildi Brynjólfur selja sinn hlut. Það varð að ráði að við Ragnar keyptum eignarhluta hans. Við Ragnar áttum veitingastaðinn saman í hálfu annað ár. Þá varð samkomulag um að við seldum Gunnari, bróður Egils Vilhjálmssonar, eignarhluta Bynjólfis.

Áður en Gunnar kom í félagsskap okkar hafði ég séð um allan daglegan rekstur án afskipta meðeigendanna. Eftir að Gunnar kom í félag okkar varð hér á breyting, sem ég kunni illa við. Það leiddi til þess að ég tók nú til við að hugleiða, hvort mér væri ekki hyggilegast að reyna eftirleiðis að standa einn á eigin fótum í stað þess að styðjast við hækjur annarra.

Húsið Brautarholt 22 var byggt af þeim Sveini Gunnarssyni lækni og Hrafni Jónssyni bifvélavirkja. Þar var laust um 200 fermetra húsrými, sem ég gat fengið til veitingareksturs. Samkomulag varð um að ég fengi að reisa við þetta húsnæði um 80 fermetra byggingu. Í þessu húsrými, sem ég nefndi Sælakaffi, hóf ég veitingastarfsemi 9. ágúst 1958.

Ég hafði ákveðið að reka Matstofu Austurbæjar til ársloka 1958. En á fundi okkar þremminganna um miðjan september sló í harða brýnu. Henni lauk með því að ég var rekinn úr félagsskapnum, fékk viku til að pakka saman og fara. Mér þótti þetta ómaklegt eftir 11 ára starf en gat ekki að gert. Ég seldi Gunnari minn hlut og lauk þannig þætti mínum í rekstri Matstofu

Austurbæjar. Meðan ég rak Matstofu Austurbæjar var hún gott fyrirtæki, skilaði aldrei miklum gróða en var prýðilega arðbært. Síðan seldi Ragnar sinn hlut í matstofunni og nýr meðeigandi kom með Gunnari. Sá maður Þórir að nafni mun svo hafa keypt hlut Gunnars og fjölskyldu hans. Þórir rekur nú matstofuna.

Í Sælakaffi, sem ég átti einn, rak ég almenna veitingasölu. Þar var veitingabúð með almennum hádegis- og kvöldverðaréttum auk annarra almennra veitinga. Þar voru 78 sæti í einum veitingasal. Eldhúsið var gott. Hjá mér unnu 20 manns.

Strax var mjög mikið að gera. Mér fylgdi margt af viðskiptavinum mínum frá Matstofu Austurbæjar og flest af starfsfólkinu. Síðast á árinu 1958 vorum við komin með 300 gesti í hádeginu og um 200 á kvöldin, auk margra kaffigesta. Obbinn af viðskiptavinum mínum var frá iðnfyrirtækjum í greindinni, Sjómannaskólanum og fleiri stofnunum í nágrenninu. Staðurinn var þokkalegur og vinsæll.

Reksturinn gekk ágætlega fyrstu 10. árin. En svo fækkaði iðnfyrirtækjum og „gjafamötuneytin“, sem ég nefndi svo, urðu algeng. Vegna þessa fækkaði viðskiptavinum mínum og lauk svo, að segja má að reksturinn hafi einungis staðið í járnum.

Sælakaffi, sem lengi var austasti veitingastaður borgarinnar, átti ég og rak í 20 ár, allt frá 9. ágúst 1958 til vorsins 1968. Ég seldi Ólafi Reynissyni, Sælakaffi. Hann leigði Næturgillinu veitingareksturinn í hálfu annað ár. Svo gerbreytti hann allri innréttingu og opnaði veitingastaðinn á ný undir nafninu Hlíðarendi. Ólafur rekur nú veitingastaðinn.

Ég nefndi „gjafamötuneytin“. Þau eru kapituli út af fyrir sig, sem vert væri að skrá. S.V.G. hefur margoft reynt að vekja á því athygli stjórnvalda, að með starfsemi mötuneytanna er stórfé sviðið undan söluskatti, m.a. vegna þess að auk matgjafanna er margvíslegri annarri veitingastarfsemi haldið uppi í húsnæði mötuneytanna. Sá skattfrjálsi rekstur keppir við veitingamenn, sem vitanlega verða að greiða alla lögboðna skatta og skyldur vegna starfsemi sinnar. En þetta er e.t.v. önnur saga, sem ég tel ekki rétt að rekja hér, þó að ekki sé annað unnt en að drepa hér á hana til skýringar því sem við erum að spjalla um.

Í VALHÖLL

Haustið 1962 fréttum við Ragnar Jónsson að Hótel Valhöll á Þingvöllum væri til sölu. Hún var þá eign hlutafélags, sem hafði keypt hana af Jóni Guðmundssyni árið 1944. Ég held að Ragnar Guðlaugsson hafi verið stjórnarformaður í því félagi. Meðal annarra hluthafa voru Brynjólfur J. Brynjólfsson, Ársæll Jónasson kafari, og Jón Guðmundsson í Ópal. Við Ragnar fórum að kanna málið og sannfærðumst um að rétt væri að gera tilboð í Valhöll í því ástandi sem hún var þá, en það var, vægast sagt, mjög bágborið. Við höfðum samband við Þorvald í Síld og Fisk. Það varð að ráði að hann kæmi í félag með okkur Ragnari. Samið var um að við keyptum Valhöll fyrir 900 þúsund krónur. Þetta var í desember 1962.

Strax hófumst við handa um endurbætur. Við vorum svo stálheppnir að veturinn var ágætur allt frá því 12. janúar, en við hófum framkvæmdir í 10 stiga frosti, og til þess er frost kom í páskahreti. Ágætir starfsmenn og einmuna veðurlíða leiddu til þess að öllum endurbótum á húsnæðinu var lokið í tæka tíð.

Okkur tókst, fyrir milligöngu Þorvalds Guðmundssonar, að fá opinbera aðila til að leggja fram fé til byggingar snyrtiaðstöðu og símaþjónustu. Sú bygging stendur enn. Síðar á árinu 1963 gekk Þorvaldur úr fyrirtækinu og keyptum við Ragnar þá hans hlut.

Við brutum niður og byggðum upp nýtt eldhús og geymslur. Allur útveggur var rifinn niður í stóra salnum. Í hann og gamla húsið voru settir nýir gluggar. Ýmsar aðrar endurbætur, sem allar voru dýrar en óhjákvæmilegar, voru gerðar á húsnæðinu. Við opnuðum með veglegu boði fyrir Þingvallanefnd og aðra góða gesti, 25. júní 1963.

Það féll í minn hlut að verða framkvæmdastjóri í Valhöll. Ég var það í 7 ár. Árið 1970 slitum við Ragnar félagsskap okkar. Hann keypti þá minn hlut. Síðar varð sonur hans, Jón, meðeigandi. Þeir feðgar ráku Valhöll þangað til s.l. sumar. Þá leigðu þeir Valhöll Ómari tengdasyni Ragnars.

Ég á margar góðar minningar frá starfstímabili mínu í Valhöll. Til okkar kom margt stórmenni á vegum hins opinbera og margir aðrir ágætir gestir, sem skylt var að veita góða þjónustu til þess að staðurinn væri ekki þjóðinni til minnkunar, auk allra annarra, sem við vildum af auðskildum

ástæðum gera eins vel við og unnt var. Af þessum sökum var okkur það mikið metnaðarmál að reksturinn væri okkur til sóma.

Ég tel að starfstímabilið í Valhöll sé of stutt og veðráttá of óstöðug til þess að mögulegt verði að reka Valhöll með hagnaði, að öllum aðstæðum óbreyttum. Staðurinn hefur þá sérstöðu að þar má ekki halda opinberar skemmtanir eða dansleiki, en það reyndist víða drjúg tekjulind. Ég tel að þó búið sé að gera miklar endurbætur á gistirými þá muni það varla geta freistað margra til langdvala í Valhöll að sumarlagi.

Það var erfitt að fá gott fólk til starfa á Þingvöllum, e.t.v. fyrst og fremst vegna nálægðarinnar við Reykjavík. Best færi á að reyna að búa svo vel að starfsfólki að það kæri sig ekki um að fara burt í frítíma sínum.

Ég tel að það sé mjög örðugt að fá það fé til baka með vöxtum sem lagt er til nauðsynlegs viðhalds og endurbóta á húsnæði og tækjum í Valhöll. Þess vegna er það mín skoðun að Valhöll eigi að vera í eigu ríkisins. Einstaklingum er ofviða að reka hana sómasamlega. Hins vegar ætti hið opinbera að leigja veitingareksturinn. Það er áreiðanlega auðvelt að fá þar til starfa fólk, sem getur haldið rekstri uppi undir öllum þeim kostnaði sem fylgir því að sjálfur staðurinn verði alltaf landi og þjóð til þeirrar sámdar sem Valhöll þarf alltaf að vera vegna þess hvernig hún er í sveit sett.

TÍU ÁR Í TJARNARBÚÐ

Þegar Loftleiðir luku starfsferli í Oddfellowhúsinu vorið 1966 eftir að búið var að opna Hótel Loftleiðir, tók Ragnar Jónsson veitingasali Oddfellowshússins á leigu. Hann gerði nokkrar endurbætur á húsnæðinu og rak þar veitinga- og skemmtistarfsemi. Sonur hans, Jón, gerðist meðeigandi og vann í húsinu með föður sínum.

Haustið 1969 tókust um það samningar að ég keypti veitingaaðstöðuna af þeim feðgum ásamt eignum þeirra í húsinu. Þá var þannig komið málum að framlenging fékkst ekki á veitingaleyfi nema miklar breytingar væru gerðar á eldhúsi, geymslum og salernum. Ég fékk þó að opna strax gegn lofordi um að ég léti ljúka lagfæringum innan takmarkaðs tíma. Ég stóð við það loford og lét gera miklar og dýrar lagfæringar á eigin kostnað. Ég fékk

leigusamning við Oddfellowregluna til næstu fimm ára. Síðar var samningurinn framlengdur, fyrst til þriggja ára og seinna til tveggja ára, en þannig hafði ég húsnæðið á leigu fram til 1. september 1979.

Samkvæmt gömlum leigusamningi átti Oddfellowreglan forkaupsrétt að þeim innréttingum og innbúi leigutaka, sem hún kærði sig um að eignast, og skyldi gjalda við því verði er um semdist. Þar sem forráðamenn Oddfellowreglunnar höfðu ákveðið að stúkur hennar skyldu eftirleiddis fá veitingasalina til eigin þarfa var leigusamningur ekki endurnýjaður við mig árið 1979. Eignir mínar í húsinu voru þá metnar og taldar jafnvirði 13.5 milljóna. Í stað þess að kaupa við þessu verði gerðu forráðamenn Oddfellowreglunnar mér fast tilboð um 4.5 milljóna greiðslu. Að öðrum kosti yrði ég að koma mínu hafurtaski út úr húsinu. Enda þótt þetta væri mjög ósanngjarnt taldi ég, að vandlega yfirveguðu ráði, að eftir atvikum væri hyggilegast fyrir mig að ganga að þessu tilboði. Það gerði ég og lauk starfsferli mínum í Tjarnarbúð. Eins og fyrr segir ákvað Oddfellowreglan að taka veitingasalina til eigin þarfa. Hvað sem segja má að öðru leyti um þá ákvörðun er áreiðanlegt að hún hefur orðið reglunni mjög kostnaðarsöm.

Veitingasalirnir voru tveir í Tjarnarbúð, stærri salurinn á jarðhæð, sá minni á annarri hæð. Samtals máttu þeir rúma 301 gest. Eldhús og annað baksvið var upphaflega ekki hannað til samræmis við fulla nýtingu á báðum veitingasölunum. Það hefur alltaf valdið nokkrum örðugleikum. Að öðru leyti er húsnæðið að mörgu leyti vel fallið til fjölbreytilegs veitingareksturs.

Viðskiptavinir mínir voru klúbbar, félög og einstaklingar, sem efndu til funda og samkvæma. Þegar engin þess konar þjónusta var veitt efndi ég til dansleikja í húsinu. Oddfellowreglan átti jafnan forgang að sölunum fyrir stúkur sínar og keypti þar þjónustu, sem við veittum. Á sumrin hafði ég tíu fasta starfsmenn. Á veturna voru þeir 15-20.

Reksturinn gekk sómasamlega og myndi hafa skilað mér eðlilegum hagnaði ef ég hefði getað náð sannvirði fyrir eignir mínar í húsinu. Ég eignaðist marga fasta og ágæta viðskiptavini, sem ég á um góðar endurminningar. Þar minnst ég einkum Rotaryklúbbs Reykjavíkur, sem hélt hjá mér vikulega hádegisverðarfundum, auk skemmtikvöldu og árshátíða. Þar kynntist ég mörgum góðum manni.

„ÉG HELD AÐ FYRIR ÞAÐ ÞURFI ÉG EKKI AÐ SKAMMAST MÍN“

Þegar lokið var starfsemi minni í Tjarnarbúð og Sælakaffi er trúlegt að margur hefði í mínum sporum talið að dagur væri að kvöldi kominn. Ég var þá nægilega vel fjáður til þess að geta farið að huga að kyrrlátu ævikvöldi. En það freistaði mín ekki og bar þar margt til. Í fyrsta lagi taldi ég mig búa yfir nægilegum starfsþreki, og fannst ég enn eiga ýmislegt óunnið. Enn hafði ég ekki komið upp veitingastað, sem ég var ánægður með. Einkasonur minn hafði valið sér matreiðslu og veitingastarfsemi að ævistarfi. Hann hafði unnið með mér frá öndverðu og mér fannst þarflaust að láta hann strax ganga í annarra þjónustu. Ég taldi einnig að fé mitt yrði ekki verr varðveitt í eigin fyrirtæki en banka, ef heppnin yrði mér jafn fylgisþök og hún hafði verið allt frá því er ég fyrst var neyddur til að elda mat ofan í félagu mína á Sjöstjörnunni. Vegna alls þessa tók ég nú til við að svipast um eftir húsnæði til veitingareksturs.

Guðbjörn Guðmundsson húsa-smíðameistari hafði reist stórhýsi á tveim hæðum, 500 fermetra hvorri, við Vagnhöfða 11, á Ártúnshöfða. Þar átti upphaflega að vera trésmíðaverkstæði. En þegar búið var að steypa húsið upp var augljóst að ekki yrði af fyrirhugaðri ráðagerð um trésmíðarnar. Mér virtist þetta húsnæði hentugt til veitingareksturs. Mikil og sívaxandi starfsemi margs konar fyrirtækja var á Ártúnshöfða. Þess vegna var ég viss um að staðarvalið myndi vel reynast ef samlega tækist þar til um gerð veitingahúss. Samningar tókust um að ég keypti af Guðbirni húsið hálf í því ástandi sem það var þá. Að því búnu tók ég til við innréttingar.

Ég nefndi veitingastað minn Ártún og opnaði neðri hæðina fyrsta vetrardag 1979. Vegna sívaxandi verðbólgu eyddist mér fé fyrr en ég hafði ætlað. Þess vegna opnaði ég efri hæðina ekki fyrr en haustið 1980.

Á jarðhæð er veitingabúð, sem rúmar 175 gesti. Hún er opnuð kl. 7.30 að morgni og opin til kl. 6 e. h. á veturna en til kl. 8 að kvöldi á sumrin. Þar eru framreiddir hádegis- og kvöldverðir, auk allra annarra almennra veitinga. Á kvöldin er veitingabúðin notuð til funda og/eða samkvæma. Uppi er stór veislu- og fundarsalur, sem einnig má nota til dansskemmtana. Hann rúmar um 290 veislugesti. Í mörgum tilvikum eru báðir salirnir notaðir samtímis. Þá rúma þeir

samtals um 460 manns.

Ég er mjög ánægður með eldhús og geymslur, sem ég skipulagði sjálfur. Ég held að fyrir það þurfi ég ekki að skammast mín. Að öðru leyti er ég einnig ánægður með hvernig til hefur tekist um alla gerð veitingastaðarins. Með því að gera Ártún úr garði eins og raun ber vitni tel ég mig hafa náð því takmarki, sem ég setti mér, að koma upp eigin sómasamlegum veitingastað.

Um 12 manns vinna hjá mér að jafnaði. Þegar veislur eru eða samkomur þarf ég oft að bæta við álíka fjölmennu starfsliði, en þess vegna má segja að oftast vinni hjá mér um 25 manns.

Margt iðnverkfólk kemur til mín í mat og helmingi fleiri beiðnir eru nú um veislur og samkvæmi en á sama tíma í fyrra. Vegna þess er ég bjartsýnn. Ég trúi því að Ártún geti átt góða framtíð.

Hér hafa orðið gífurlegar breytingar í veitingarekstri frá því er ég kynntist honum fyrst. Margar þeirra eru til mikilla bóta, en aðrar orka áreiðanlega tvímælis. Til hins jákvæða tel ég fyrst menntun veitingafólks, sem nú er unnt að fá hér heima. Það atvikaðist þannig að ég var viðstaddur fyrsta próf matsveina og veitingaþjóna, sem haldið var hér á landi. Það var árið 1944 á Þingvöllum. Þá var hér enginn skóli, en réttindi voru þeim veitt, að prófi loknu, sem lært höfðu á skipum og /eða veitingahúsum hér heima. Með stofnun Matsveina- og veitingaþjónaskólans breyttist þetta til batnaðar. Ég hef fylgst með þeim skóla, mér til mikillar ánægju, og verið þar prófdómari í 20 ár. Afstaða starfsfólks til vinnu sinnar í veitingahúsum er önnur og lakari en áður var. Nú er stuttur vinnutími og hátt kaup hið eina, sem flestir keppa að, og atvinnurekendur í augum margra bölváðir arðræningjar. Milli þessa og hins ótakmarkaða þrældóms og lága kaups, sem einkenndi oft þessa starfsemi áður fyrr, er breitt bil, sem nauðsynlegt er að brúa. Þá vil ég enn nefna eitt, sem ég tel mjög orka tvímælis, þó að ýmsir segi að þar hafi verið um endurbætur að ræða, en það er lengingin á lokunartíma vínveitingahúsanna. Ég tel að sú ákvörðun hafi, af ýmistum ástæðum, verið mjög vafasöm – a.m.k. til ábata fyrir veitingamenn.

Þó að ég hafi þrælað mikið um ævina og vinni enn langan dag þá hef ég oft gefið mér tíma til að njóta lífsins og þannig sloppið við að koðna niður í tómu matarstriti. Lengsta og skemmtilegasta ferð mín til útlanda var farin árið 1964. Þá fór ég með nokkrum

félögum í tveggja mánaða hnattferð og naut þess ríkulega.

Eins og sjá má af því, sem ég er nú búinn að segja, hefur lánið eiginlega leikið við mig allt frá því er ég fór fyrst að standa á eigin fótum. Ég hef verið heppin í störfum, aldrei orðið fyrir því að valda sjálfum mér eða öðrum miklum slysum eða eftirminnanlegum óþægindum. Ég eignaðist góða konu og hef átt ágæta samstarfsmenn. Margir þeirra hafa unnið með mér áratugum saman. Í starfi mínu hef ég kynnst mörgum ágætismönnum, sem hafa orðið góðir vinir mínir. Stálhraustur hef ég verið allt frá því er ég komst til fullorðinsára. Að því er varðar dapurlega barnæsku og uppvaxtarár hef ég reynt að gleyma því sem ömurlegast var vegna þess að ég tel að öfugsnúinn aldarandi hafi átt þar þyngsta sök. Mér tókst að brjótast út frá honum, sæmilega á mig kominn líkamlega vegna þess að ég fékk oftast nægilega að borða, og tilfinningalega var ég óháður, einn í heiminum. Mér varð fljótlega ljóst, að ef ég gæti ekki sjálfur brotið mér leið myndi enginn annar verða til þess að ryðja mér braut. Þess vegna hef ég alltaf verið nokkuð einráður að svo miklu leyti sem ég var sjálfur fær um að marka lífsstefnu mína.

En, eins og ég sagði áður:

Mér finnst stundum að það hafi verið einhver æðri hönd sem leiddi mig til lífsstefnunnar. Og sú hönd hefur verið hlý og styrk. ✨

Janúar 1981.